

Valgreinar í 6. bekk 2012-2013

Nemendur í II-deildum geta valið 3-9 tíma á viku úr eftirtöldum valgreinum. 6 tíma valgreinar verða líklega á mánudags-, miðvikudags- og föstudagsmorgnum kl. 8:10-9:35 en 3 tíma valgreinar á sömu tímum eða á eftirmiðdögum. Til að auðvelda stundatöflugerð og forðast árekstra í stundatöflu er búið að skipa valgreinum í þrjá flokka (1,2,3) og eru nemendur beðnir um að velja ekki tvær valgreinar í sama flokki.

Danska (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja bæta þekkingu sína á dönsku máli og menningu. Ekkert land laðar til sín Íslendinga til náms og starfa í sama mæli og Danmörk en nærri helmingur allra íslenskra námsmanna erlendis stundar nám í Danmörku. Góð dönskukunnátta og skilningur á hugsunarhætti og menningu landsins er lykillinn að góðum árangri. Á námskeiðinu verður bæði lögð áhersla á munnlega þáttinn og þann skriflega og með hjálp kvikmynda og danskra sjónvarpsþátta miðlum við upplýsingum um menningu og samfélag.

Markmið námskeiðisins er að

- efla dönskukunnáttu, bæði í munnlegri og skriflegri færni
- veita innsýn í danska menningu og danskt umhverfi.

Námsefni:

- kvikmyndir, efni af Netinu og ljósritaðir textar.

Kennsluhættir

Sýndar verða kvikmyndir og sjónvarpsþættir og unnið með texta tengdum þeim. Skoðað verður það félagslega, menningarlega og landfræðilega umhverfi sem birtist í kvikmyndum/sjónvarpsþáttum þessum og textum. Einstaklingsverkefni eða hópvinna eftir því sem við á.

Námsmat

Námsmat byggist á símati. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.

Enska fyrir nemendur á náttúrufræðibraut (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Markmið

Nemendur

- öðlist yfirsýn yfir enska bókmenntasögu
- kynnist bókmenntum á enskri tungu
- fái þjálfun í að koma fram og tjá sig á ensku
- fái frekari þjálfun í gerð skriflegra verkefna

Námsefni og kennsluhættir

Lesið verður úrval enskra bókmennta frá 8. öld og fram til okkar daga.

Nemendur fá þjálfun í að gera grein fyrir námsefni, bæði munnlega og skriflega í ritgerðum.

Nemendur kenna sjálfir a.m.k. einn tíma um efni að eigin vali (takmarkað val), og skrifa a.m.k. eina bókmenntaritgerð.

Námsmat

Námseinkunn byggist á virkni og frammistöðu í tímum, skriflegum verkefnum og framsögn.

Vorpróf er skriflegt próf í 120 mínútur.

Félagsfræði þróunarlanda (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Nemendur kynnast hugmyndum um skiptingu heimsins, einkum tvískiptingu hans í þróuð og vanþróuð lönd eða rík og fátæk lönd. Í því sambandi verður sérstaklega unnið með Lífskjarakvarða Sameinuðu Þjóðanna (Human Developmental Index).

Rífuð verður upp landafræði Asíu, Afríku og Rómönsku-Ameríku.

Fjallað verður um efnahagsleg, söguleg og menningarleg einkenni þróunarlanda og ólíkar kenningar um orsakir vanþróunar. Nemendur kynnst ýmsum tegundum þróunarsamvinnu og þróunaraðstoð Íslendinga. Leitast verður við að nemendur öðlist innsýn í lífskjör og lífsskilning annarra menningarheima.

Námsefni:

Hannes Í Ólafsson (2000) Ríkar þjóðir og snauðar. Ljósritaðir textar og heimildarmyndir. Auk þess verður sjónum beint að kvikmyndum og bókmenntum þriðja heimsins.

Námsmat

Námseinkunn er byggð á frammistöðu nemenda á tímaprófum, í heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og almennri þátttöku í kennslustundum. Vorprófseinkunn byggir á skriflegu tveggja klukkustunda prófi úr námsefni vetrarins.

Franska I (6 tímar á viku)

Þetta námskeið er fyrir nemendur sem hafa ekki lært frönsku áður. Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Frá upphafi fá nemendur þjálfun í færniþáttunum fjórum: tali, hlustun, ritun og lesskilningi. Áhersla er lögð á framburð, grunnatriði málnotkunar og uppbyggingu orðaforða tungumálsins. Einnig kynnst nemendur fjölskrúðugri menningu, siðum og staðháttum í frönskumælandi löndum. Unnið verður með kennslubók og samhliða henni verður unnið í léttum blaðagreinum, sögum, myndasögum, ljóðum og kvikmyndum. Einnig verður unnið af og til í margmiðlunarveri skólans með ýmis konar nettengt efni. Leitast verður við að byggja markvisst upp nytsaman orðaforða, svo að nemendur verði eins færir og kostur er að tjá sig í frönskumælandi umhverfi í framtíðinni.

Franska IV (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Námskeiðið er ætlað nemendum náttúrufræðibrautar sem hafa lokið stúdentsprófi í frönsku. Um er að ræða viðbót við fyrra nám og aðaláhersla verður lögð á hagnýtan orðaforða og þekkingu sem nýst gæti nemendum í frönskumælandi löndum sem og í framhaldsnámi á Íslandi og erlendis.

Námskeiðið er símatsáfangi, öll verkefni og próf gilda sem lokaekinn. Leitast er við að auka sjálfstæði nemanda í vinnubrögðum og að nemendur fái aukin tækifæri til að tjá sig.

Áhersla verður lögð á að æfa talmál og skilning með para- og hópverkefnum þar sem nemendur munu æfa og flytja samtöl, stutta leikþætti, rökræða ýmis málefni og flytja stutta fyrirlestra.

Haldið verður áfram að þjálfa ritfærni og munu nemendur skila stuttum ritgerðum, útdráttum, kvikmyndaverkefnum og skýrslum um vettvangsferðir og annað.

Til að þjálfa lesskilning verður unnið með bókmenntatexta og rauntexa td. blaða- og tímaritsgreinar um efni sem tengist áhugasviði nemenda. Jafnframt verður unnið með efni úr útvarpi, sjónvarpi og af internetinu, horft á kvikmyndir, stuttmyndir og hlustað á tónlist. Nemendur fá frekari innsýn inn í menningu frönskumælandi landa og reynt verður að fara í vettvangsferðir td. í sendiráð Frakklands og Alliance française. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaekinn.**

Hagfræði fyrir nemendur á náttúrufræðibr. (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Megináhersla er lögð á fræðileg undirstöðuatriði hagfræðinnar. Helstu viðfangsefni eru: Framboð og eftirspurn, framleiðslukostnaður, starfsemi fyrirtækja á fullkomnum samkeppnismarkaði og einokunarmarkaði, hagfræði opinbera geirans, vinnumarkaðshagfræði, vísitölur, landsframleiðsla, hagvöxtur, framleiðni, fjármálakerfið, peningakerfið, verðbólga, vextir, hagfræði opinna hagkerfa, gengi gjaldmiðla, myntsvæði, evran, leikjafræði og fleira. Fjallað verður um spurningar á borð við: Hvað er framboð og eftirspurn? Hvað er hagvöxtur? Til hvers eru peningar? Hvernig er samband peninga og verðbólgu? Hver eru áhrif stefnu ríkisfjármála og peningamála á helstu hagstærðir? Til hvers er evran?

Einnig verður áhersla lögð á að nemendur læri um íslenskt efnahagslíf og gangverk hagkerfisins, m.a. með því að fylgjast með hagþróun og viðburðum í viðskipta-, fjármála- og atvinnulífi liðandi stundar, samhliða öðru námsefni. Gestafyrirlestrar.

Nemendur geta ekki valið bæði hagfræði og viðskiptafræði.

Heimspeki og jafnrétti (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Námslýsing

Saga heimspekinnar er uppfull af dæmum um frjóa hugsun og það hvernig hugmyndaauðgi og sköpunargleði getur skýrt viðfangsefni sem áður virtust þoku hulin. Í þessum áfanga verður leitast eftir að kynna nemendum hvernig megi beita aðferðum heimspekinnar á málefni líðandi stundar og þá einkum er varðar jafnrétti í samfélagi.

Til þess verður þjálfuð samræða og rökræða um tvö til þrjú meginstef heimspekinnar og hvernig megi skilgreina hugtök sem varða samfélagsleg málefni, svo sem jafnrétti, frelsi og vald.

Hvernig megi svo beita þessum hugtökum á jafnréttismál sem eru í deigluinni, svo sem kynbundið ofbeldi eða staðalímyndir kynja í fjölmiðlum.

Nauðsynleg færni til að fást við hugmyndir heimspekinnar er rökaleikni og mikilvægt markmið áfangans er að efla rökræðu- og samskiptahæfni, bæði í ræðu og riti.

Sjónum verðum aðallega beint að 19. og 20. aldar heimspeki og tengslum hennar við hvers kyns jafnréttisbaráttu en einnig nánar athugað hvernig þessar hugmyndir byggjast á heimspeki fyrri alda. Jafnréttisbaráttu kvenna á Íslandi verður skoðuð út frá þessum hugmyndum sem og viðhorf til innflytjenda á Íslandi.

Með því að tengja heimspekina ákveðinni samfélagsumræðu er svið námskeiðsins betur afmarkað svo kafa megi dýpra í viðfangsefnið. Þannig á námskeiðið að nýtast nemendum til þess að hugsa á gagnrýnan hátt um eigin líf, viðhorf og samtíma og á þannig að geta nýst til frambúðar.

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í taka þátt í umræðum um jafnréttismál sem og að hann þjálfist í beitingu hugtaka er varða samfélagsleg málefni.
- öðlist samræðufærni, geti tjáð sig á skýran og röklegan hátt og þjálfist í að meta texta, skoðanir og hugmyndir, annarra og sínar eigin, á gagnrýninn hátt.
- öðlist þekkingu á ákveðnum heimspekistefnum 19. og 20. aldar sem hafa mótað mörg hug- og félagsvísindafög.

Lesefni

Greinasafn frá kennara.

Jarðsaga (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Kennslan fer að mestu leyti fram í fyrirlesturum. Við kennsluna er nokkuð stuðst við netið og fræðslumyndbönd. Lesin verður „Saga lífs og jarðar“ eftir Guðbjart Kristófersson og Ólöfu Ernu Leifsdóttur.

Nemendur kynnast frumkvöðlum jarðfræðinnar erlendum sem innlendum, læra um helstu grundvallarkenningar í jarðfræði og kynnast helstu rökum fyrir landreki og um myndun fellingafjalla. Þeir læra um opnun Norður-Atlantshafsins og tilurð Íslands, kynnast setlagafraeði og túlkun setlaga til að skýra myndunarhætti þegar þau mynduðust (landslag, loftslag dýralíf). Nemendur læra um almenna jarðsögu jarðarinnar og þróun lífs á jörðinni og kynnast jarðsögu Íslands.

Kínverska (ný valgrein, 6 tímar á viku)

Þetta er byrjendanámskeið í kínversku. Farið verður í grunnatriði kínversks máls með áherslu á talmál og skilning algengustu tákna í kínverska táknmálinu. Einnig verða útskýrð nokkur atriði kínverskrar menningar og lista. Kínverska er aðalmálið á fjölmennasta menningarsvæði heimsins og það mál sem flestir jarðarbúar tala. Námskeiðið hentar vel þeim sem hafa huga á menningar- eða viðskipta-samskiptum við kínverska menningarsvæðið í framtíðinni. Einnig þeim sem stefna á að læra kínversku og/eða asísk fræði við Háskóla Íslands.

Kvikmyndagerð (6 tímar á viku)

Námskeiðið er beggja blands: verkleg kennsla í tækniatriðum kvikmyndagerðar og yfirlit yfir kvikmyndasögu og helstu greinar kvikmyndanna. Kynnt verður upphaf kvikmyndagerðar og þróun hennar sem og áhrif tækniþróunar. Horft verður á ýmis lykilverk kvikmyndanna og nýjar íslenskar

kvikmyndir, alls u.þ.b. 12 á hvorri önn. Farið verður verklega og bóklega í grunnþætti kvikmyndagerðar, svo sem myndatöku, lýsingu, klippingu og handritsgerð. Nemendur gera a.m.k. eina stuttmynd á hvoru misseri.

Stefnt er að því að fá fagfólk í heimsókn, til dæmis í tengslum við frumsýningar íslenskra kvikmynda. Nemendur blogga um kvikmyndir sem þeir sjá og annað tengt námskeiðinu. Einnig eru nemendur hvattir til reglulegra kvikmyndahúsaferða, sér í lagi á kvikmyndahátíðir.

Markmið:

Að nemendur

- kunni skil á vestrænni kvikmyndasögu og helstu greinum kvikmynda
- kynnist helstu leikstjórum og verkum
- víkki sjóndeildarhring sinn og sjái verk sem þeir hefðu annars ekki séð
- öðlist grunnþekkingu í meðferð myndavéla og stafrænni klippingu
- þekki til grundvallaratriða í handritaskrifum og skrifi a.m.k. eitt handrit (að stuttmynd) sem sýnir fram á þessa þekkingu
- geri a.m.k. tvær stuttmyndir, þar af lokaverkefni þar sem þeir beita þeirri þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér á námskeiðinu

Námsmat:

Námseinkunn byggir á bloggi (40%), fyrirlestrum (20%), handritamöppu (20%) og ástundun, virkni og frammistöðu í tímum (20%).

Það er ekkert lokapróf í námskeiðinu, en prófseinkunn byggir á stuttmyndum (60%) og skriflegum æfingum (40%).

Vefslóð námskeiðsins er <http://kvikmyndagerd.blogspot.com>. Þar má m.a. finna slóðir inn á blogg nemenda síðustu ára.

Latína fyrir nemendur á náttúrufræðibr. (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Þetta námskeið er einkum hugsað fyrir þá nemendur sem stefna á nám í læknisfræði eða náttúruvísindum. Meginmarkmið þess er að veita yfirsýn yfir þau latnesku fagorð og nafnakerfi, sem notuð eru í læknisfræði og flestum náttúruvísindum nútímans. Þekking á uppruna og eðli fagheita auðveldar mjög notkun þeirra í framtíðinni. Sá sem hefur undirstöðu í latínu er betur undir það búinn að takast á við þann frumskóg fagorða, sem bíður hans í háskólanámi.

Ennfremur miðar námskeiðið að því að kynna nemendum, hversu víðtæk áhrif latnesk tunga og menning hefur haft á sögu hins vestræna heims. Þessi áhrif koma víða fram, t. d. í mánaðanöfnum, tímatali, mannanöfnum, málsháttum og fjölmörgum orðstofnum í listum, menntum og daglegu lífi. Betri þekking á rótum menningarinnar auðveldar yfirsýn og skilning á samtíðinni.

Leikhúslíf og leikhúsmenning (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 1)

Námslýsing:

Markmið áfangans er að fylgjast með leikhúslífi á leikárinu 2012-13 með það fyrir augum að nemendur öðlist aukinn skilning á leikbókmenntum og leiklist. Á haustmisseri verður farið stuttlega yfir innlenda og erlenda leiklistarsögu. Fylgst verður með æfingum á leikritum, farið á leiksýningar og unnin verkefni í tengslum við þær. Lesin eru nokkur leikrit og annað efni í tengslum við þau. Einnig er gert ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með leikhúsfólki.

Meginmarkmið:

Að kynnast menningu leikhúsins og um leið fylgjast náið með leikhúslífinu í borginni yfir eitt leikár með það fyrir augum að nemendur öðlist aukinn skilning á leikbókmenntum og leiklist.

Námsefni og kennsluhættir:

Í upphafi verður stuttlega farið í sögu leiklistarinnar og farið verður á nokkrar leiksýningar, u.þ.b. sex, og unnin verkefni í tengslum við þær. Fylgst verður með æfingum á nokkrum leikritum sem sýnd verða á leikárinu 2012-2013. Lesin verða leikrit, greinar og annað efni. Gert er ráð fyrir nokkrum heimsóknum og umræðufundum með leikhúsfólki. Leiksýningar verða valdar í haust þegar leikhúsin og sjálfstætt starfandi leikhópar hafa birt dagskrá sína og í samráði við nemendur.

Framlag nemenda:

Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda í tímum og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur verða að gera ráð fyrir leikhúsförum utan skólatíma og kostnaði við þær.

Námsmat:

Áfanginn byggist að stórum hluta á símati. Á haustmisseri er skriflegt próf í leiklistarsögu. Yfir árið vinna nemendur stór og smá verkefni sem lögð verða til grundvallar í námsmati.

Listasaga (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Á fyrra misseri er stefnt að því að nemendur læri um forsendur sjónlista frá öndverðu fram á 17. öld. Einnig læra þeir ýmis mikilvægustu hugtök við listsköpun og greiningu sjónlista. Áhersla er lögð á að nemendur þekki ákveðin stílskeið og tímabil listasögunnar, en skoði jafnframt listasöguna sem heild og tengi framangreind tímabil saman. Nemendur læra að greina helstu þætti sjónlista, menningar og þjóðfélagshátta. Á síðara misseri er stefnt að því að nemendur læri um forsendur sjónlista frá 17. öld fram á 20. öld. Þeir læra að greina sjónlistir, bæði á forsendum listarinnar sjálfar, svo og í tengslum við aðra menningarþætti og þjóðfélagshætti. Áhersla er lögð á að nemendur þekki stílskeið og tímabil listasögunnar, en skoði hana jafnframt sem heild, tengi framangreind tímabil saman og læri að hvaða marki rætur listar á 20. öld liggja í eldri stílskeiðum. Helstu þræðir í sögu nútímalistar eru raktir og settir í samhengi við samfélagsgerð og samfélagsbreytingar, stjórnarfar, tæknibreytingar, heimspeki og hugmyndafræði.

Nemendur geta ekki bæði valið listasögu og myndlist.

Lögfræði (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Námslýsing

Lög og réttur eru leikreglur hvers ríkis og endurspeglar samfélagið. Hvort sem okkur líkar betur eða verr verðum við að fylgja þessum leikreglum ef við viljum á annað borð vera meðlimir þess ríkis sem við búum í. Þess vegna hæfir þetta námskeið bæði þeim sem vilja kynna sér fræðigreina fyrir áframhaldandi nám í lögfræði og þeim sem vilja einungis kynnast gildandi réttarreglum á hverjum tíma betur.

Í námskeiðinu verður m.a. farið yfir eftirfarandi atriði:

- Helstu *grunnatriði lögfræðinnar*, fræðikerfi hennar, réttarheimildir o.fl.
- *Stjórnskipun og stjórnarfar* og meðferð mála hjá stjórnarsýsluáðilum.
- *Réttarfar*, þ.m.t. dómstólaskipanin á Íslandi.
 - Meðferð einkamáls útskýrð og grunnreglur einkamálaréttarfarsins. Farið er í mun á sakamálum og einkamálum. Farið verður í rannsókn sakamála og ákærvaldið og refsingar. Sönnun og sönnunarbyrði tekin fyrir.
 - Helstu atriði fullnustugerða, t.d. aðfarargerðir, kyrrsetning og lögbann.
- *Samningaréttur*. Gerð er grein fyrir reglum um rétthæfi og gerhæfi. Farið er yfir stofnun löggerninga, umboð og milligöngu við sammingsgerð og ógilda löggerninga.
- *Kröfuréttur*. Gerð grein fyrir stofnun kröfuréttinda, vanefndum, tryggingum fyrir fjárskuldbindingum o.fl.
- *Sifjar og erfðir, Skaðabætur, Ísland og Evrópa* o.fl. eftir því sem tími gefst til.

Kennsluhættir

Kennsla fer fram með fyrirlestrum kennara, umræðum og verkefnavinnu. Vettvangsferðir verða farnar, t.d. í Hæstarétt, Héraðsdóm Reykjavíkur og á lögmannsstofu. Gestafyrirlesarar koma frá hinum ýmsu stöðum sem tengjast efninu.

Kennslugögn

Lög á bók – yfirlitsrit um lögfræði eftir Sigríði Logadóttur.
Efni sem lagt verður fram í tímum.

Myndlist (6 tímar á viku)

Kennd verða undirstöðuatriði í teikningu og litafræði samhliða inngangi að listasögu.

- Megináherslan verður á verklega þáttinn og þá einkum teikningu: hlutateikningu, umhverfisteikningu og módelteikningu. Lagður verður grunnur að færni í ísómetrískri teikningu (sem notuð er í ýmsum greinum hönnunar), fjarviddarteikningu, tvívíðri formfræði og myndbyggingu. Verkefni verða í útlínuteikningu og skyggingu til að túlka ytra form, innri uppbyggingu, áferð og efniskennnd. Ennfremur verður kynnt meðferð algengustu efna og áhalda við myndræna framsetningu og úrvinnslu hugmynda.
- Í litafræði verða verkefni í blöndun lita og greiningu og miða þau að því að auka næmi fyrir eðli lita, samsetningu þeirra og innbyrðis verkan.
- Kynnt verða helstu tímabil vestrænnar listasögu fram undir 1900, en nemendur velja sér stílskeið eða tímabil úr listasögu 20. aldar sem þeir kynna sér náið og fjalla um í fyrirlestri. Ennfremur eru heimsóknir á listasöfn og gallerí hluti af náminu.

Námið í heild á að geta nýst sem undirbúningur undir frekara nám í myndlist eða hönnun en einnig miðar það að því að þjálfa myndlæsi og sköpun og hjálpa nemendum við að nota teikningu og annars konar myndræna framsetningu í ýmis konar skissugerð og hugmyndavinnu. Síðast en ekki síst á námið, hið verklega sem hið bóklega, að geta aukið skilning á myndlist og auðveldað þannig nemendum að njóta hennar.

Nemendur geta ekki bæði valið myndlist og listasögu.

Næringarfræði (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 1)

Í þessum áfanga verður fjallað um næringarefni þ.e. orkuefni, vítamín og steinefni, hlutverk þeirra og áhrif á næringu og heilsu. Einnig verður farið í máltíðaskipan, skammtastærðir, fæðuflokka og mikilvægi fjölbreytni í mataræði. Tengsl næringar og starfsemi líkamans verður skoðuð og þættir eins og orku- og næringarefnaþörf, hreyfing, holdafar og melting teknir fyrir. Áhrif næringar og mataræðis á líðan og heilsu verða kynnt. Lögð verður áhersla á að nemendur þekki samspil næringar og hreyfingar og geti nýtt þessa þekkingu til að bæta eigin líðan, heilsu og árangur í skóla og íþróttum. Kynntar verða almennar ráðleggingar Lýðheilsustöðvar (nú Landlækniseimbætti) um mataræði og næringarefni fyrir heilbrigða einstaklinga. Skoðað verður hvað liggur til grundvallar slíkum ráðleggingum og hvaða ávinningur fæst með því að fylgja slíkum ráðleggingum. Þátttaka í umræðum, verkefni og hlutapróf verða hluti af lokaeinkunn.

Samtímasaga (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 2)

Farið verður yfir mikilvæga þætti á sviði stjórn mála og efnahagsmála á Íslandi síðustu áratugi. Þá verður einnig fjallað um tengsl Íslands við umheiminn í svæðisbundnum og alþjóðlegum samtökum á sviði stjórn mála, efnahagsmála og hernaðarmála.

Sálfræði (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Nemendur kynnast sálfræðinni, sögu hennar og vinnubrögðum. Fjallað verður sérstaklega um fimm meginsjónarhorn sálfræðinnar og helsta framlag hvers þeirra til greinarinnar.

Efnisatriði eru til dæmis: uppbygging heilans og tengsl taugaboðefna við hegðun og geðraskanir, kenningar atferlisfræðinnar um nám, persónuleikakenning sálgreinenda, hugrænar kenningum um nám, minni og þroska og kenningar mannúðarsálfræðinnar um sjálfsmýnd og lífsfyllingu. Einnig verður sjónum beint að rannsóknum og rannsóknaraðferðum á sviði sálfræðinnar og þekktar rannsóknir í félagssálfræðinni skoðaðar sérstaklega.

Lesefni:

Greinasafn frá kennara.

Námsmat:

Námseinkunn er byggð á frammistöðu nemanda á tímaprófum, heimaverkefnum, verkefnum í kennslustundum og þátttöku í tímum. Vorprófseinkunn byggir á skriflegu tveggja klukkustunda prófi úr námsefni vetrarins.

Skapandi skrif (ný valgrein, 3 tímar á viku) (flokkur 3)

Í þessum áfanga verður farið yfir helstu tegundir skapandi ritverka, s.s. smásögur, skáldsögur, ljóð, dægurlagatexta, myndasögur, þýðingar, stuttmynda- og kvikmyndahandrit og leikrit, og nemendum

veitt tækifæri til að spreyta sig á að semja eigin verk. Einnig verður stuttlega litið til skapandi greina- og fræðaskrifa og almennra ritgerðarskrifa. Nemendur munu í samráði við kennara fá tækifæri til að hafa nokkur áhrif á áherslur og uppsetningu námskeiðsins. Áfanginn nýtist vel m.a. þeim nemendum sem hafa áhuga á að skrifa greinar í skólablöð. Þá er stefnt að því að fá einn kunnan höfund á hvoru misseri til að koma og spjalla við nemendur.

Meginmarkmið:

- að efla ritfærni nemenda.
- að veita nemendum tækifæri til að glöggva sig á sköpunarferlinu hjá rithöfundum og skilja betur formgerð ýmissa listforma, s.s. ljóða, smásagna, leikrita og kvikmynda.
- að hjálpa nemendum að þróa með sér eigin „höfundarrödd“ og koma hugmyndum sínum í búning.
- að kenna nemendum að setja upp frumsamin handrit eftir viðurkenndum stöðlum og venjum.
- að nemendur ljúki við að minnsta kosti eitt, heilsteypt verk.

Námsefni og kennsluhættir:

Námsefni samanstendur af frumsömdum kennslutextum kennara og völdum ljósritum og dreifitextum. Nemendur lesa valin skáldverk, ýmist að hluta til eða í heilu lagi, og horfa einnig á stuttmyndir og lengri kvikmyndir og heyra tóndæmi í tímum. Kennslan byggist annars vegar á fyrirlestrum og umræðum, og hins vegar á vinnustofum þar sem farið verður yfir framlögð verk nemenda.

Námsmat:

Námsmat byggist á símati, þ.e. nemendur skila reglulega inn verkefnum. Þeir skila einnig inn lokamöppum, bæði á haust- og vormisseri, þar sem þeir fá tækifæri til að endurbæta áður framlögð verkefni og leggja fram ný. Þá skrifar hver nemandi stutta ritgerð um eftirlætistexta eða annað verk, og heldur stutta kynningu í tíma.

Spænska I (6 tímar á viku)

Þetta námskeið er fyrir nemendur sem hafa ekki lært spænsku áður. Markmið kennslunnar er að nemendur hljóti þjálfun í hlustun, tali, lestri og skrift og hljóti innsýn í spænska menningu og þjóðlíf. Í náminu er lögð áhersla á verkefni sem stuðla að því að nemendur öðlist færni í að skilja talað mál og að þeir geti talað málið sjálfir. Að auki er lögð áhersla á lestur texta þannig að nemendur nái tökum á mismunandi lestraraðferðum. Lögð er áhersla á að þroska ritunarhæfileika nemenda og þá ekki einungis með hefðbundinni stílagærð. Hér er átt við að nemendur þjálfist í að koma hugsunum sínum og hugmyndum í spænskan búning, enda er eitt af markmiðunum námsins að virkja sköpunarhæfileika nemenda á spænsku.

Í náminu er af og til unnið í margmiðlunarvergi skólans. Þar takast nemendur á við nettengd námsforrit þar sem sjón, heyrn, tal og ritun eru virkjuð á samþætтан hátt.

Í námskeiðinu fer fram símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, skyndiprófum, ritgerðum og fyrirlestrum.

Spænska IV (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Námskeiðið er ætlað nemendum náttúrufræðibrautar sem lokið hafa stúdentsprófi í spænsku. Í þessum áfanga er lögð áhersla á fjölbreytni í efnisvali og munnlega og skriflega beitingu málsins. Ætlast er til að nemendur sýni meira sjálfstæði en fyrr í að afla sér upplýsinga og nýta sér hina ýmsu miðla. Unnið er með kvikmyndir, sjónvarpsefni og ýmsa texta. Munnleg og skrifleg tjáning er æfð og lögð er áhersla á að nemendur færi rök fyrir máli sínu. Til að þjálfa þessi atriði er m.a. tekið mið af kvikmyndum, sjónvarpsefni og efni úr dagblöðum/tímaritum/efni af Netinu.

Í námskeiðinu er símat sem byggist á frammistöðu nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, skyndiprófum, ritgerðum og fyrirlestrum. Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaekunn.

Stjörnufræði (3 tímar á viku) (flokkur 1)

Fjallað verður um nokkur grunnatriði stjörnufræðinnar. Ferðast verður um sólkerfið þvert og endilangt og hnettir þess rannsakaðir, stórir sem smáir. Kannað verður hvernig ýmis stjarnfræðileg fyrirbæri horfa við okkur hér á jörðu niðri og hvernig við höfum aflað þeirrar þekkingar sem við búum nú yfir. Kafað verður í iður sólstjarna, þær vegnar og metnar, lífs eða liðnar. Þá verður sjónum nemenda beint

enn lengra í burtu, að fjarlægum vetrarbrautum og þyrpingum vetrarbrauta. Hvert skúmaskot alheims skal kortlagt. Að síðustu verður alheiminn í heild sinni viðfangsefnið, gerð hans og eðli, þróun og örlög.

Tónlistarnám og annað listnám

Til að nemendur geti fengið tónlistarnám metið sem valgrein þurfa þeir að hafa lokið miðstigi í hljóðfæraleik og er það nám metið til 3 eininga. Þeir sem ljúka frekara námi geta fengið námið metið til allt að 6 eininga til viðbótar. Samsvarandi reglur gilda um annað listnám.

Tölvufræði og forritun (3 tímar á viku) (flokkur 2)

Námslýsing

Nemendur læra hugbúnaðargerð í Java forritunarmálinu. Undirstöðuatriði forritunar eru kynnt og áhersla lögð á hlutbundna hugbúnaðargerð. Ekki er gerð krafa um fyrri reynslu af forritun

Markmið

Nemendur geti lesið og skrifað einföld forrit og séu vel í stakk búnir til að takast á við frekara nám í tölvunarfræðum og tengdum greinum á háskólastigi.

Efnisatriði

M.a. er farið í breytur, klasa, aðferðir, flæði forrita með skilyrðissetningum og lykkjum, hlutbundna hönnun, viðmót og atburði.

Kennsluhættir

Kenndar eru þrjár kennslustundir á viku. Þær skiptast í fyrirlestur (ein kennslustund) og verklegan tíma (tvær samliggjandi kennslustundir). Í fyrirlesturum er farið yfir efni kennslubókar og í verklegum tímum leysa nemendur verkefni úr skyldu efni.

Kennslubók

Java software solutions – foundations of program design, höfundar: John Lewis og William Loftus.

Viðskiptafræði (6 tímar á viku)

Megináhersla er lögð rekstrarhagfræði og bókfærslu. Í rekstrarhagfræði er fjallað um hugtök svo sem fórnarkostnað, framboð og eftirspurn, teygni, utanríkisverslun, almannagæði, ytri áhrif, skatta og kostnað við skattlagningu. Einnig er fjallað um helstu einkenni samkeppnismarkaða, fákeppni, einkasölusamkeppni og einokunar. Í bókfærslu er farið í grunnatriði tvíhliða bókhalds þar sem nemendur þjálfast í að færa hefðbundnar dagbókarfærslur, svo og lokun aðalbókar og uppgjör. Námið er góður undirbúningur fyrir nám á háskólastigi í viðskiptafræðum en einnig fróðlegt þeim sem áhuga hafa á viðskiptum almennt.

Nemendur geta ekki valið bæði hagfræði og viðskiptafræði.

Þýska I (6 tímar á viku)

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum sem enga þýskukunnáttu hafa innsýn í málið. Farið verður yfir grundvallaratriði málfræðinnar. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnfærni í hlustun, lestri, tali og ritun. Leitast verður við að kenna nemendum orðaforða sem nýtist þeim vel við algengar málaðstæður. Einnig verður þýska málsvæðið kynnt og margbreytileg menning þess.

Þýska IV (3 tímar á viku) (flokkur 3)

Námskeiðið er ætlað nemendum á náttúrufræðibraut sem hafa lokið stúdentsprófi í þýsku. Hér er sem sé um framhaldsnámskeið að ræða og er markmið þess að auka enn frekar færni nemenda í málinu. Eins og áður verður áhersla lögð á bæði munnlega og skriflega tjáningu. Námskeiðið miðar einnig að því að búa nemendur undir framhaldsnám hvort heldur sem er á Íslandi eða erlendis. Notast verður við svokallaðan hlaðvarpa (podcast) þar sem nemendur geta m.a. hlustað eða horft á þematengda útvarps- og sjónvarpsþætti og hannað sitt eigið efni. **Athugið að þar sem námskeiðið er símatsáfangi er farið fram á fulla mætingu og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn.**